Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík, 20. september 2023
*MÍ*202307-0115/ 6.09 / 0875

Efni: Brú yfir Fossvog - breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 27. júlí 2023, þar sem Kópavogsbær óskar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna breytingar á deiliskipulagi, *Brú yfir Fossvog*, mál nr. 0427/2023. Meðfylgjandi erindinu var skipulagsuppdráttur unnin af Alta dags 11.05.2023. Mörk deiliskipulagsins eru að hluta til innan marka Reykjavíkurborgar og að hluta til innan marka Kópavogsbæjar.

Í gildandi deiliskipulagi frá árinu 2019 var miðað við frumdrög að brú, landfyllingu og akbrauta. Í breytingunni nú felst að lega landfyllingar, akbrautar, göngu- og hjólastíga, áningarstaða og biðstöðva fyrir almenningavagna er uppfærð í samræmi við þá hönnun sem liggur fyrir. Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma að fullu landfyllingar við brúarenda og frágang á grjótgarði.

Fyrir liggur *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Samkvæmt þeirri skráningu eru heimildir um fjórar fornleifar fremst á Kársnesinu og segir í skýrslunni að ekkert sjáist til minja nú og nákvæm staðsetning óviss. Engar minjar eru skráðar innan marka deiliskipulagsins.
Fyrir liggur *Byggðakönnun, Fornleifaskrá og húsakönnun – Vatnsmýri - Seljamýri - Öskjuhlíð*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 161. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu fornleifa, herminja og annarra minja á flugvallarsvæðinu og í nágrenni þess. Engar minjar eru skráðar innan mara deiliskipulagsins.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi, Brú yfir Fossvog.
Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:
Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi (skipulag@kopavogur.is)
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026